

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 81/2025

2025/EES/38/39

frá 14. mars 2025

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2857 frá 11. nóvember 2024 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum af I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsslugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66ne (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 2857:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2857 frá 11. nóvember 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2857, 12.11.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2857, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2857, 12.11.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2857/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.